

Dagskrá fundar:


1. Starfsfólk Samfés
2. Stefna samtakanna
3. Samfélagsmiðlar Samfés
4. Viðburðir
5. Verkefni
6. Önnur mál

Málefni sem rædd voru:

- Nýr starfsmaður í stöðu verkefnastjóra, H tekin við út árið. Laun verkefnastjóra rædd og laun framkvæmdarstjóra rædd til samanburðar.
- H hefur verið með puttana í að setja upp stefnu samtakanna, rætt hvort hún eigi enn að sinna þeirri vinnu þar sem hún sé nú komin í verkefnastjórastöðu. Hvernig getur stjórn komið meira að þessari vinnu?
- Hvernig getum við gert enn betur á samfélagsmiðlum samtakanna? Allar hugsanlegar leiðir ræddar. Rætt aftur mikilvægi þess að hafa fundargerðir stjórnar sýnilegar á heimasíðu.
- Hugmynd kom frá ungmennaráði Samfés að hafa Masterchef keppni Samfés. Hugmynd sem klárlega vert er að skoða betur.
- Hugmyndin um að fá aðildarfélög til að „ættleiða“ ákveðna viðburði samtakanna rædd enn frekar. Líkt og rafíþróttamót samfés & félkó, samfés sér um skráningu en félkó heldur utanum mótið.
- Evrópusamtök félagsmiðstöðva eru með fund í sumar. hvað viljum við fá út úr þessu evrópusamstarfi? Ýmsum hugmyndum velt upp við þurfum klárlega að nýta aðild okkar að félaginu mun betur. Væri möguleiki að fá þau til að koma að evrópuumsóknum og jafnvel verkefnastýra því fyrir smá pening? Rætt hvort unglingar gegn ofbeldi ættu ekki erindi inná þennan fund, samevrópskt átak væri mjög gott flott fyrir pólitíkina.
- Unglingar gegn ofbeldi munu taka upp video fyrir söngkeppni samfés sem verður svo sýnt á þeim viðburði.
- Samfés á fréttamiðilinn hvadinnstokkur.is, einhverjir út ungmennaráði hafa áhuga á að vera í ritstjórn miðilsins.
- Rætt aftur um að fara hringinn í kringum landið og skoða hvað aðra félagsmiðstöðvar eru að gera, í samstarfi við ungrúv.
- Hvernig ætlum við að snúa okkur í heiðurs- og hvatningarverðlaunum á aðalfundi?

Ákvarðanir teknar á fundi:

- Verkefnastjóri byrjar með 590þús í grunnlaun og 10 fasta yfirvinnutíma. Laun framkvæmdastjóra og verkefnastjóra verða endurskoðuð með nýrri stjórn á fyrsta fundi á hausti.
- Hrafnhildur heldur áfram sinni vinnu um stefnu samtakanna. Stjórn verður duglegri að fara inn í möppuna og koma með hugmyndir eða í það minnsta fara inn og samþykkja það sem komið er og kynna sér þetta.
- Auglýsum eftir starfsmanni á vettvangi til að taka að sér samfélagsmiðla fyrir smá pening.
- Hvetjum aðildarfélagana til þess að vera duglegri að merkja samfés í sínum póstum á samfélagsmiðlum.



- Frá og með núna er ritari samtakanna ábyrgður fyrir því að setja fundargerðir inn á heimasíðu Samfés.
- Framkvæmdarstjóri sendir L upplýsingar um hvernig hægt er að uppfæra heimasíðuna.
- Allir í stjórn að vera duglegri að like-a allt sem kemur frá samtökunum á samfélagsmiðlum.
- Setja “Sófann” inná Instagram.
- Masterchef keppnin væri kjörin til að henda á instagram TV. Hava live keppni á Instagram. Mögulega taka einn þátt í hverju „kjördæmi“ sem endar svo með úrslitabætti.
- S í ungmennaráði ætlar að setja hugmyndir um útfærslu á MasterChef niður á blað og útfæra hana betur og senda svo á framkvæmdarstjóri.
- Seltjarnarnes sýnir áhuga á að ættleiða danskeppnina til sín.
- Auglýsum viðburðina á Aðalfundi og skoðum hvort fleiri hafi áhuga á að ættleiða aðra viðburði.
- Gerum aðild okkar að evrópusamtök félagsmiðstöðva sýnilegri á samfélagsmiðlunum okkar.
- Athuga möguleikana á því að hafa Instalive þar sem ungmennaráðin tala við ráðherra, hvaðfinnstokkur.is.
- Á síður saman hvatningaverðlaunssystem og formaður hjálpar til við að sendum út póst a vettvang 19.apríl með upplýsingar varðandi hvatningasystemið og deadline á innsendingu. kosning fer fram 3-9maí.